

á hús í hinum íslenzku kaupstöðum og verzlunarstöðum, og ef til vill þar að auki tekjuskatt samkvæmt því, er í þessu tilliti nákvæmar myndi verða fyrir mælt.

Í sambandi við það skal nefndin segja álit sitt um þá spurningu, hvort það eigi að leiða af breytingu skattalaganna, að jarðmatið þegar nú verði endurskoðað, þrátt fyrir það, að frestar sá, sem í þessu tilliti er ákveðinn í tilskipun frá 1. apríl 1861 sje enn ekki liðinn, og ef þetta reynist, hvort framkvæmdarstjórnin geti undirbúið slíka endurskoðun, eða hvort nauðsynlegt sje að hafa lagaheimild til þess.

Með tilliti til gjaldheimtanna skal nefndin hugleiða, hverjar breytingar á þeim sjeu nauðsynlegar, einkum hvort ljensstjórn sú, sem nú er, eigi ekki að hætta, og gjaldþegar greiða gjöld sín beinlínis í landssjóðinn; en sýslumenn þeir, sem nú hafa gjöld landssjóðsins að ljeni, fái árlegt endurgjald fyrir þau. Í sambandi við það mun nefndin þá fá tækifæri til að íhuga, hvert ekki skuli fullgera þessa breytingu á launahögum sýslumanna, einkum þannig að þeir fái föst laun.

Með því að loksins sú ósk hefur komið fram á alþingi því, sem átt var síðastliðið sumar, að nefndin hugleiddi, hvort eigi væri ástæða til að breyta fyrirkomulaginu á umboðsstjórninni á konungsjörðunum, mun ráðgjafinn, þó spurning þessi standi í lausu sambandi við skattamálið, samt með tilliti til þess, að álita má breytingu á þessu æskilega, ekki hafa neitt á móti því, að nefndin taki þetta mál til meðferðar.

Brjef ráðgjafa konungs fyrir Ísland (til landshöfðingja).

Með þóknanlegum brjefum frá 1. og 2. september síðastliðnum hafði þjer herra landshöfðingi sent hingað 3 allraþegnsamlegust ávörp, sem hið sameinaða alþingi hefur samþykkt um fjárkláðamálið, gufuskipsferðir með fram ströndum Íslands og vitabyggingu á Reykjanesi.

Fyrir því skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í stjórnartíðindum, að með því að 21. grein stjórnarskrárinnar leyfir ekki hinu sameinaða alþingi, en að eins hvorri þingdeildinni um sig að senda konungi ávörp, hefur eigi mátt bera þessi 3 ávörp undir allrahæstan úrskurð hans hátignar konungsins. En eins og getið hefur verið við hans hátign um tvö hin fyrstnefndu ávörp, hið fyrstnefnda ávarp, þá er frumvarp alþingis til laga um útrýmingu fjárkláðans á Suðurlandi var borið upp fyrir konungi, og um annað ávarpið, þá er ráðgjafinn lagði það til, að fjárlögin fyrir 1876 og 1877 yrðu staðfest með samþykki konungs — þannig hefur ráðgjafinn byrjað brjefaskriptir við innanríkisstjórnina og flotastjórn ríkisins um gufuskipsferðir meðfram ströndum Íslands og um vitabyggingu á Reykjanesi.

Brjef ráðgjafa konungs fyrir Ísland (til landshöfðingja).

Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, er gjörðar voru, eptir að þóknanlegt brjef herra landshöfðingjans frá 3. septbr þ. á. var meðtekið, hefur með konungsúrskurði frá 29. f. m. allramildilegast verið samþykkt, að sett verði 5 manna nefnd til að hugleiða barnauppfræðinguna og skólamálin á Íslandi og, ef hagkvæmt þykir, semja frumvarp til laga um skipun þessara mála.

Um leið og þetta er tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal yður veitt umboð til að fela þetta ætlunarverk á hendur nefnd, sem þessir menn fái sæti í: biskup dr. theol. Pjetur Pjetursson, og skal hann vera formaður nefndarinnar, prófastur alþingismaður Þórarinn Böðvarsson, rektor hins lærða skóla í Reykjavík Jón Þorkelsson, alþingismaður dr. phil. Grímur Thomsen og yfirkennari barnaskólans í Reykjavík Helgi Helgesen, og ef nokkur af þessum mönnum skyldi skorast undan að taka að sjer

1875

95 þenna starfa, eða annara anna vegna eigi geta það, eður ef sæti í nefndinni síðar skyldi verða autt, að kveðja nýjan nefndarmann í hans stað.

10da nóvbr.

Eins og bent er á í upphaflega nefndu brjefi herra landshöfðingjans skal nefndin hugleiða löginn um uppræðingu barna og skóla í heild sinni og öll þau atriði, er standa í sambandi við þau, sjer í lagi kostnaðinn við stofnun nýrra skóla (einkum gagnvísinda-skóla) aukna kennslu í skólum þeim, sem nú eru m. m. og semja tillögur um þær laga-breytingar, sem hún álitur hagkvæmar og samsvarandi menntunarstigi annara þjóða nú á dögum.

96

6tta desbr.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins í suður- og vesturumdæminu).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 30. dag október þ. á. ritað mjer á þessa leið:

«Samkvæmt allra þegnlegustum tillögum ráðgjafans, er gjörðar voru eptir að þóknalegt brjef yðar herra landshöfðingi frá 5. maí þ. á. var meðtekið, hefur með konungsráðgjafi frá 25. þ. m. allramildlegast verið samþykkt, að Magnús Kristjánsson og Þuríður Sigurðardóttir á Vestmannaeyjum innan suðurumdæmis Íslands, en þau eru bæði Mormónstrúar, megi verða gefin saman í borgaralegt hjónaband, þannig að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum gipti þau eptir fyrirmælum þeim, er ráðgjafinn gjörir samkvæmt lögum frá 13. apr. 1851, um hjónavígslu fyrir utan þjóðkirkjuna.

Jafnframt því að tjá yður herra landshöfðingi þetta til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að tjá hlutaðeigöndum, að þeir eigi að gæta þess sem nú segir, með tilliti til tjeðrar hjónavígslu.

Þrem vikum áður en hjónin eru gefin saman, skal kunngjöra við kirkju, að svo sje til ællazt, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum vígi þessi hjón, óg skal endurtaka þessa birtingu, ef lengri tími en 3 mánuðir líður frá henni, án þess að hjónin sjeu gefin saman. Vilji nokkur gjöra lagabann gegn hjónabandinu, verður að segja sýslumanninum til þess. Áður en hjónavígslan fer fram, skal embættismaður þessi fullvissa sig um, að birtingin hafi átt sjer stað, og þar að auki skal hann gæta alls þess, sem með tilskipun frá 30. apr. 1824, 3. gr. 1, 3.—6., 8.—10., og gr. 4, 8.—10. og 12. er lagt fyrir prest þann, sem ætlar að gipta hjón. Á degi þeim, sem hjónavígslan á að fram fara, og skal, ef mögulegt er, tiltaka hann eptir ósk hjónaefnanna, ber hlutaðeigöndum að koma í þinghúsið og sýslumaður skal þá fyrst brýna fyrir þeim þyðingu hjónabandsins, þar eptir spyr hann hvort þeirra fyrir sig, hvort það vilji giptast hvort öðru, og lýsir loksins yfir því, að þau sjeu gefin saman í rjelt og löglegt hjónaband. Gjörðin á að fara fram fyrir opnum dyrum, skal kveðja 2 votta að henni, og rita hið nauðsynlega um hjónaband það, er þannig er stofnað, í hina venjulegu þingbók; en eptirrit eptir henni, staðfest með nafni og embættisinsigli sýslumannsins, skal fá hjónunum sem skirteini um stofnun hjónabandsins, og ber einnig innan 8 daga að senda hlutaðeiganda sóknarpresti eptirrit til ritunar í embættisbók hans».

Þetta skal hjer með tjáð yður herra amtmaður til þóknarlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

Embættaskipunin.

Hinn 13. dag nóvembermánaðar hefur ráðgjafi konungs fyrir Ísland leyft, að prestaskólakennara sira H a n n e s í Árnasyni megi veita lausn frá að kenna dýrafroði og steinafroði í hinum lærða skóla í Reykjavík með því skilyrði, að tilsögn í þessum fræðigreinum verði tilhlýðilega veitt af öðrum kennara án sjerstakrar borgunar.

Hinn 25. dag s. m. skipaði landshöfðingi kandiðat S t e f á n Jónsson til að vera prest Þóroddsstaðar og Ljósavatnssafnada í Þingeyjarprófastsdæmi.

Óveitt prestakall.

Reynisþing í Vesturskaptafellsprófastsdæmi metið 6479 kr. auglýst 21. október.